

## Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritfregn birt 31. ágúst 2015



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

## Nýtt námsefni um jafnrétti

### Ritdómur um *Ég, þú og við öll:* *Sögur og staðreyndir um jafnrétti*

#### **Ég, þú og við öll: Sögur og staðreyndir um jafnrétti**

Höfundar: Kolbrún Anna Björnsdóttir og Fatima Hossaini. 48 bls.  
Útgefandi: Námsgagnastofnun 2014  
Myndir: Lára Garðarsdóttir

ISBN: 978-9979-0-1819-3

#### Sjá einnig **Ég, þú og við öll: Sögur og staðreyndir um jafnrétti. Kennsluleiðbeiningar. Vefútgáfa.**

Höfundar: Kolbrún Anna Björnsdóttir og Fatima Hossaini. 35 bls.  
Útgefandi: Námsgagnastofnun 2014

Sótt af <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=2dd9c4f0-edbf-11e4-9c1b-0050568632e8>

Lítill bók, *Ég, þú og við öll*, kom út á síðasta ári. Hún ber undirtitilinn *Sögur og staðreyndir um jafnrétti*. Grunnlitur kápunnar er gulur eins og hér má sjá á kápumynd. Auk ramma með nafni bókar á forsiðu og öðrum með upplýsingum á baksíðunni, prýða kápana mistórar doppur í ólíkum litum, ásamt teiknaðri mynd af fólki í vogarskálum. Kennsluleiðbeiningar fylgja bókinni í vefútgáfu.

## Uppbygging bókar og kennsluleiðbeininga

Bókin er byggð upp með stuttum köflum sem rúmast hver um sig á einni blaðsíðu nema kaflinn *Baráttan fyrir jöfnum rétti kvenna og karla*, sem er ein opna af helstu ártölum (bók, bls. 22–23) og síðasti kaflinn, *Ást og kynlíf* (bók, bls. 45–46). Í kennsluleiðbeiningum er gerð grein fyrir tilgangi námsefnisins og þar eru lagðar fram hugmyndir að verkefnum og heimildaskrár ætlaðar kennurum. Þá er til ítarefni í YouTube-möppunni *Jafnrétti*, sem er merkt nafni höfundar, Kolbrun Björnsdóttir. Á spilunarlistanum eru 118 myndir, flestar nokkrar mínútur að lengd. Sú stysta tekur ekki nema tæplega hálfu mínútu í spilun en sú lengsta rúma klukkustund.<sup>1</sup> Nemendabókin er einkum ætluð 6.–7. bekk grunnskóla.

Greina má í bókinni tvo meginhluta þó að þeirrar skiptingar sjái ekki formlega stað. Í fyrri hluta bókarinnar er einkum lagt upp úr því að fara yfir helstu hugtök um „staðalímyndir, félagsmótun og kyngervi“, eins og það er orðað (bók, bls. 3) en þegar líður á bókina eru tilgreindar fjöldamargar dæmisögur.

Á fyrstu síðum eru aðgengilegir kaflar um bókina, tengsl einstaklings og veraldarinnar í kringum hann eða hana og ástæður til að læra um jafnrétti. Þá kemur innskot með stórum bleikum ramma um *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og grundvallarreglur hans fjórar um bann við mismunun gagnvart börnum, kröfu til stjórnvalda um að ákvarðanir séu teknar með hag barna í huga, rétt barna til lífs og þroska og rétt barna til að láta í ljós skoðanir og hafa áhrif (bók, bls. 7; kennsluleiðbeiningar, bls. 9). Það er vel til fundið að setja *Barnasáttmálann* í slíkt öndvegi í ritinu.

Næstu kaflar taka fyrir grundvallarhugmynd kynjafræða um kyn og grundvallarhugtak póststrúktúralísks femínisma um eðli; þar á eftir er gerð grein fyrir hugtakinu félagsmótun. Þessu fylgja fjögur dæmi. Eitt þeirra er um hvenær og hvernig bleikt varð „stelpulitur“ og blátt „strákalitur“ (bók, bls. 11). Önnur dæmisaga er um að háir hælur hafi fyrr á öldum verið notaðir af körlum en ekki konum (bók, bls. 13). Í kennsluleiðbeiningum (bls. 12) eru hugmyndir að verkefnum tengdar þessum sögum.

Síðustu blaðsíður fyrri hluta bókarinnar eru um staðalímyndir. Þar eru meðal annars kynntar rannsóknir Geenu Davis um misrétti í afþreyingarefni (bók, bls. 16; kennsluleiðbeiningar, bls. 15–17) og í bleikum ramma um staðalímyndir í afþreyingarefni er sagt frá prófi Alison Bechdel, sniðnu til að athuga hlutverk kvenna í kvikmyndum (bók, bls. 17; kennsluleiðbeiningar, bls. 15–17).

Þá hefst „ferðalag“ sem kynnir aðstæður ungs fólks víða í heiminum: Afganistan, Síerra Leóne og Pakistan, með innskoti þar sem sagt er frá Þóru Melsteð og frumkvöðulsstarfi hennar í menntun kvenna hér á landi (bók, bls. 18–21; kennsluleiðbeiningar, bls. 18–19). Á eftir tveggja blaðsíðna kaflanum með ártölum úr baráttu fyrir jöfnum rétti kvenna og karla er sagt frá Bríeti Bjarnhéðinsdóttur (bók, bls. 24) og andspænis þeirri umfjöllun í miðopnu bókarinnar segja fjórir ungir íslenskir karlar frá hugrenningum sínum um jafnrétti kynjanna, þeir Víðir Guðmundsson, Trausti Dagsson og Oddur Sigurjónsson (bók, bls. 25). Hugmyndin að baki þeim frásögnum er sú að kynjajafnrétti komi körlum líka vel. Þá kemur frásögn af Sigríði Maríu Egilsdóttur, ungri konu sem meðal annars gerðist félagi í Feministafélagi Verzlunarskóla Íslands og hefur vakið athygli fyrir góðar ræður um jafnrétti kynja (bók, bls. 26). Andspænis þeim texta er þýddur texti í gulum ramma þar sem sagt er frá aðstæðum stúlkna í afskekktum þorpum í fátæku landi (bók, bls. 27). Efni sem tengist þessu hvorutveggja, til dæmis ræða eftir Sigríði, er í YouTube-möppunni sem áður er sagt frá.

Eftir þetta færast umfjöllun ritsins meira yfir á ýmsa aðra hópa sem búið hafa við misrétti. Embla Guðrúnar Ágústsdóttir segir frá mannréttindabaráttu fatlaðs fólks (bók, bls. 28).

Embla var 17 ára þegar hún fór að halda fyrirlestra og skrifa greinar um efnið. Í kaflanum *Skaðlegir fordómar* er sögð saga þriggja barna með ólíka fötlun (bók, bls. 29). Börnin eru Gisele í Senegal, Guðmundur á Íslandi, og Laurent í Gíneu. Á næstu opnu er annars vegar viðtal við Andrei, 16 ára rússneskan homma, og hins vegar er sagt frá ungliðahópi Samtakanna '78. Í kennsluleiðbeiningunum eru gagnlegar skilgreiningar hinseginfræða kynntar og nokkrar hugmyndir að verkefnum (bls. 24–25).

Næsti bálkur er um kynþáttafordóma. Sagt er frá Nelson Mandela (bók, bls. 32) og ástum tveggja sænskra ungmenna, Önnu og Ahmeds, sem eru af ólíkum uppruna, og neikvæðum viðbrögðum móður Önnu þegar Anna sagði henni að hún væri skotin í Ahmed (bók, bls. 33). Þá er sagt frá Mahatma Gandhi og baráttu hans gegn nýlendustefnu (bók, bls. 34) og Ellen, Oglala Sioux-stúlku á Pine Ridge-verndarsvæðinu í Suður-Dakóta í Bandaríkjunum.

Ég hleyp nú yfir næstu sögur en staldra við og nefni síður um barnaprælkun (bók, bls. 39; kennsluleiðbeiningar, bls. 30) og barnabréðkaup (bók, bls. 42; kennsluleiðbeiningar, bls. 31). Lokakaflinn heitir *Ást og kynlíf* (bók, bls. 44–45; kennsluleiðbeiningar, bls. 33–35). Þar er meðal annars gerður greinarmunur á kynlífi og klámi en að öðru leyti snýst kaflinn um þá grundvallarreglu, sem mikilvægt er að unglingar tileinki sér, að nei þýði alltaf nei í rómantískum samskiptum.

Neðst í hverjum kafla er spurning sem kennari getur rætt við nemendur eða breytt í formlegt verkefni ef hann eða hún vill.

## Skínandi námsefni!

Þetta er afbragðs bók sem er rituð í takti við hugmyndir um jafnréttisfræðslu settar fram í kaflanum um grunnþætti í aðalnámskrá 2011. Bókin fellur einnig að hugmyndum sem fram koma í köflum aðalnámskrár grunnskóla um samfélagsgreinar frá 2013.

Ég hef búið til greiningarramma til að greina hvort og hvernig hugmyndum um jafnrétti sem grunnþátt menntunar er fylgt eftir í öðrum hlutum námskrár eða í námsefni. Viðmiðin í rammanum eru fimm. Fyrsta viðmiðið er hvort stefnt sé að því að nemendurnir, börnin og unglingarnir, verði fær um að greina mismunun og forréttindi. Bókin gengur í raun öll úl á þetta. Munur á réttindum og forréttindum er vel útskýrður (sjá t.d. bók, bls. 37). Á sama hátt uppfyllir bókin viðmiðið um að skólar eigi að jafna tækifæri drengja og stúlkna. Lögð er áhersla á að rætt sé mikilvægi þess að bæði drengir og stúlkur geti hvað sem er, óháð kyni. Mjög mikil áhersla er á þetta í sögunum sem börnin og unglingarnir segja í bókinni. Þriðja viðmið rammans felur í sér mat á því hvers konar kynjafræði er sett fram. Kynjafræðin í bókinni er fjölbreytt og lögð áhersla á að vinna með margvísleg hugtök. Fyrsti hluti efnisins er ritaður út frá þeirri hugmynd að sjálfsmýnd sé eðlislægt fyrirbæri en tekur svo stefnu yfir í skýran félagslegan skilning byggðan á hugtakinu kyngervi. Ritið stendur því föstum fótum í kynjafræðunum ásamt fötlunarfræðum, fjölmenningarfræðum og hinseginfræðum, fræðum sem líka eru nefnd í aðalnámskránni. Fjórða viðmiðið er hvort minnst sé á hinseginmálefni eða kynhneigð. Í ritinu er mikið efni þar að lútandi. Ég skoðaði að lokum hvort hugtakið um margþætta mismunun (e. *intersectionality*) kæmi fram. Og ég tel að svo sé, sérstaklega í sögum af börnum þar sem þau eru kynnt sem börn í tilteknum aðstæðum en ekki bara drengur eða bara stúlka.

Form bókarinnar, stuttir kaflar og dæmisögur, er bæði styrkur bókarinnar og galli. Hægt er að taka einn og einn kafla eða stakar dæmisögur til umræðu ef kennari vill, án þess kenna alla bókina. En ég hefði þó viljað sjá efnið flokkað aðeins betur með hlutfyrirsögnum. Slík kaflaskil koma stundum fram í einni línu efst (sjá t.d. bók, bls. 24) og neðst (sjá t.d. bók, bls. 10) á blaðsíðum.

Ég fagna þessari bók mikið. Bókin er skrifuð til að falla að ákvæðum laga um grunnskóla og ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 um jafnréttisfræðslu. Eins og fræðimenn á sviði kynjafræði og skólastarfs hafa mælt sterklega með (sjá t.d. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, 2009; Þorgerði Einarsdóttur og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011) eru aðferðir og hugtök kynjafræðinnar í öndvegi í þessu riti, enda „líka vel nothæf til að öðlast skilning á annars konar misrétti“ (eins og segir í kennsluleiðbeiningum, bls. 2). Bókin er gott dæmi um fjölbreytileika kynjafræðanna og hvernig hægt er að nota þau í samvinnu við aðrar greinar til að koma auga á mismunun og forréttindi og ræða leiðir til að draga úr hvorutveggja.

### Aftanmálgrein

1. Þetta var skoðað 18. júní 2015 (sjá Kolbrún Björnsdóttir, e.d.).

### Heimildir

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2009). Minnisblað um jafnréttisfræðslu í skólastarfi [til forseta Menntavísindasviðs Háskóla Íslands]. Sótt af <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/files/2010/03/GG-jafnr%C3%A9tti-og-kennarmentun1.pdf>

Kolbrún Björnsdóttir. (e.d.). Jafnrétti eftir Kolbrun Björnsdóttir. [Spilunarlisti.] Sótt af [https://www.youtube.com/results?search\\_query=Jafnretti+by+Kolbrun+Björnsdottir](https://www.youtube.com/results?search_query=Jafnretti+by+Kolbrun+Björnsdottir)

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjafræðisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>

### Um höfundinn

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) er prófessor við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hann lauk BA-prófi í sagnfræði og uppeldisfræði 1979, kennara-prófi 1980 og cand.mag.-prófi í sagnfræði 1983, allt frá Háskóla Íslands, og doktorsprófi í menntunarfræðum frá Wisconsinháskóla, Madison, 1991. Helstu rannsóknarsvið hans eru menntastefna, námskrár og kynjafræði í menntun.



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2015). Nýtt námsefni um jafnrétti: Ritdómur um *Ég, þú og við öll: Sögur og staðreyndir um jafnrétti. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/ritfregdir/2015/001.pdf>